

Ágúst

Verkefni og úrlausnir

Markmið skólaársins

- Að bæta námsárangur nemenda
- Bæta skólastjórnunina
- Meiri sveigjanleiki og skilvirkni í:
 - **faglegri þróun starfsfólks**
 - nýtingu bjarga
 - **skipulagningu kennslu og náms**
 - virkari þátttöku starfsfólks og nemenda í skólastarfinu.
- **Kerfisbundin uppbygging gæðaþróunar, gæða eftirlits og ábyrgðar skólans.**
- Virðing, ábyrgð og vellíðan nemenda, starfsfólks og foreldra

Mánuður	Það sem á að meta	Ábyrgð
Ágúst	Kynning á matsáætlun Útgáfa og yfirferð skólanámskrár og starfsáætlunar	Matsteymi Skólastjórnendur

Leiðir (tekur gildi haustið 2011):

- að allar upplýsingar um skólastarfið verði aðgengilegar foreldrum/forráðamönnum og öðrum áhugasömum á vefsíðu skólans
- að námsmátið sé fjölbreytt og vel kynnt í kennsluáætlunum og skólanámskrá
- að fjölbreyttum kennsluáætlunum sé lýst
- að lögð sé áhersla á virkni nemenda í kennslustundum og hugað sé að þekkingu, leikni svo og hæfni

Endurgjöf (verður fyrst með formlegum hætti haustið 2011)

- Stjórnendur sjá um endurgjöf á skólanámskrárlutann sem snýr að kennslugreinum og kennsluáætlunum
- Fulltrúar foreldra í skólaráði sjá einnig um endurgjöf á ofangreindum þáttum
- Skólanefnd yfirfari einnig þessa þætti

Viðmið um árangur

- Að matsáætlun sé tilbúin á réttum tíma
- Að yfirferð skólanámskrár/kennsluáætlana/starfsáætlunar ljúki fyrir lok september. Markmiðið er að endurgjöfin muni nýtast fyrir gerð næstu áætlana.

September

Verkefni og úrlausnir

Markmið

- Að bæta námsárangur nemenda
- Bæta skólastjórnunina
- Meiri sveigjanleiki og skilvirkni í:
 - faglegri þróun starfsfólks
 - **nýtingu bjarga**
 - skipulagningu kennslu og náms
 - virkari þátttöku starfsfólks og nemenda í skólastarfinu.
- **Kerfisbundin uppbygging gæðaþróunar, gæða eftirlits og ábyrgðar skólans.**
- **Virðing, ábyrgð og vellíðan nemenda, starfsfólks og foreldra**

Mánuður	Það sem á að meta	Ábyrgð
September	Skólafærninámskeið fyrir foreldra, matsblað foreldra í lok námskeiðs (hefst 2011). Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk Mat á eineltisáætlun	Deildarstjóri stigs og aðstoðarskólastjóri Verkefnastjóri í UT Stjórnendur

Leiðir (tekur gildi haustið 2011):

- að skoða hvernig skólafærninámskeiðið var sett upp og kynnt fyrir foreldum
- að fá hugmyndir foreldra um námskeið af þessu tagi, hvernig þeim finnst það vera eða eigi að vera
- að skoða niðurstöður Skólapúlsins reglulega en kynna niðurstöður fyrri hluta ársins í janúar og síðari hluta í ágúst
- að eineltisáætlunin sé virk og nýtist starfsfólki og foreldum

Endurgjöf (verður fyrst með formlegum hætti haustið 2011)

- Niðurstöður könnunar vegna skólafærninámskeiðsins verða kynntar á vefsíðu skólans
- Fulltrúar í eineltisráðum skólans munu meta eineltisáætlunina. Þeir munu kalla eftir aðstoð starfsfólks við þá vinnu.

Viðmið um árangur

- Að 85% foreldra séu ánægð eða mjög ánægð með skólafærninámskeiðið
- Að 95% nemenda líði mjög vel eða vel í skólanum.
- Að eineltisáætlunin verði sífellt betri og sýni hvernig eineltisvinnan fer raunverulega fram í skólanum

Að kannanir sýni að einelti í skólanum fari minnkandi milli ára.

Október

Verkefni og úrlausnir

Markmið:

- **Að bæta námsárangur nemenda**
- Bæta skólastjórnunina
- Meiri sveigjanleiki og skilvirkni í:
 - faglegri þróun starfsfólks
 - nýtingu bjarga
 - skipulagningu kennslu og náms
 - **virðing og þátttöku starfsfólks og nemenda í skólastarfinu.**
- **Kerfisbundin uppbygging gæðapróunar, gæða eftirlits og ábyrgðar skólans.**
- **Virðing, ábyrgð og vellíðan nemenda, starfsfólks og foreldra**

Mánuður	Það sem á að meta	Ábyrgð
Október	Sjálfsmat nemenda (hefst 2011) Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	Umsjónarkennara Matsteymi/kennarar

Leiðir (tekur gildi haustið 2011):

- að vanda vel til sjálfsmatsins og leggja það fyrir nemendur í 1. – 10. bekk, lögð verður áhersla á að nemendur skoði stöðu sína í námi, hvað þeim finnst ganga vel, hvað megi betur fara og hvað þau geti gert til að það verði
- að skoða niðurstöður Skólapúlsins reglulega en kynna niðurstöður fyrri hluta ársins í janúar og síðari hluta í ágúst

Endurgjöf (verður fyrst með formlegum hætti haustið 2011)

- sjálfsmat nemenda verður tekið upp í fyrsta foreldraviðtali að hausti. Í fyrstu ræður hvert stig hvernig unnið er með matið. Nemendur gætu t.d. í umsjónartíma/lífsleiknitíma sett sér markmið sem yrðu umræðugrundvöllur í foreldraviðtali.

Viðmið um árangur

- Að allir kennarar leggi sjálfsmatið fyrir hópinn sinn aðlagð að hverju aldurstigi.

Nóvember

Verkefni og úrlausnir

Markmið

- Að bæta námsárangur nemenda
- **Bæta skólastjórnunina**
- Meiri sveigjanleiki og skilvirkni í:
 - **faglegri þróun starfsfólks**
 - nýtingu bjarga
 - skipulagningu kennslu og náms
 - **virkari þátttöku starfsfólks og nemenda í skólastarfinu.**
- **Kerfisbundin uppbygging gæðaþróunar, gæða eftirlits og ábyrgðar skólans.**
- **Virðing, ábyrgð og vellíðan nemenda, starfsfólks og foreldra**

Mánuður	Það sem á að meta	Ábyrgð
Nóvember	Uppbygging SVÓT greining (hefst 2011) Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	Matsteymi Verkefnastjóri í UT

Leiðir (tekur gildi haustið 2011):

- að greina stöðuna á innleiðingu uppbyggingarstefnunnar. Lögð verður áhersla á að starfsfólk, nemendur og foreldrar komi að matinu. Í SVÓT er lögð áhersla á styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri.
- að skoða niðurstöður Skólapúlsins reglulega en kynna niðurstöður fyrri hluta ársins í janúar og síðari hluta í ágúst

Endurgjöf (verður fyrst með formlegum hætti haustið 2011)

- niðurstöður SVÓT verðar birtar á vefsíðu skólans

Viðmið um árangur

- Niðurstöður SVÓT sýni hvað er gott og hvað má betur fara í uppbyggingarstefnunni. Í kjölfarið mun uppbyggingarhópurinn gera aðgerðaáætlun um úrbætur.

Desember

Verkefni og úrlausnir

Markmið

- **Að bæta námsárangur nemenda**
- Bæta skólastjórnunina
- Meiri sveigjanleiki og skilvirkni í:
 - faglegri þróun starfsfólks
 - nýtingu bjarga
 - **skipulagningu kennslu og náms**
 - virkari þátttöku starfsfólks og nemenda í skólastarfinu.
- **Kerfisbundin uppbygging gæðapróunar, gæða eftirlits og ábyrgðar skólans.**

Mánuður	Það sem á að meta	Ábyrgð
Desember	Samræmd próf í 4. bekk, 7. bekk og 10. bekk Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	Stjórnendur/umsjónarkennarar Verkefnastjóri í UT

Leiðir (tekur gildi haustið 2011):

- Að funda með kennurum sem kenna 4., 7. og 10. bekk og ræða niðurstöður samræmdra prófa. Greina þarf niðurstöðuna og gera aðgerðaráætlun varðandi framhaldið, hvort sem um er að ræða meiri sérkennslu fyrir einstaka nemendur eða hóp eða auka áherslu á einhvern þátt í kennslunni.
- að skoða niðurstöður Skólapúlsins reglulega en kynna niðurstöður fyrri hluta ársins í janúar og síðari hluta í ágúst

Endurgjöf (verður fyrst með formlegum hætti haustið 2011)

- Niðurstaða samræmdra prófa er rædd í foreldraviðtali að hausti séu niðurstöður komnar fyrir viðtal. Annars stjórna niðurstöður því við foreldra hverra barna er rætt.

Viðmið um árangur

- Að 65% nemenda séu á eða fyrir ofan landsmeðaltal í einstökum þáttum prófanna.
-

Janúar

Verkefni og úrlausnir

Markmið

- Að bæta námsárangur nemenda
- **Bæta skólastjórnunina**
- Meiri sveigjanleiki og skilvirkni í:
 - faglegri þróun starfsfólks
 - nýtingu bjarga
 - **skipulagningu kennslu og náms**
 - **virkari þátttöku starfsfólks og nemenda í skólastarfinu.**
- **Kerfisbundin uppbygging gæðapróunar, gæða eftirlits og ábyrgðar skólans.**

Mánuður	Það sem á að meta	Ábyrgð
Janúar	Samráð við 10.bekk um valgreinar o.fl. Fundir með nemendum í 4. – 10. bekk (hvað þau eru ánægð með, hvað má betur fara, hvað getum við gert til að öllum líði vel) Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	Aðstoðarskólastjóri unglingadeildar Skólastjórnendur/umsjónarkennari Verkefnastjóri í UT

Leiðir:

- Haldnir eru fundir með einstökum árgöngum þar sem nemendur svara sprunningum um það hvað þeim líkar vel í skólanum, hvað þeim líkar ekki eins vel og hvað þurfið, að þeirra mati að gera til að skólastarfið verði enn betra.
- Nemendur á unglingastigi eru jafnframt beðnir um að telja upp þær valgreinar sem þeir vilja sjá á valblaði sínu fyrir næsta skólaár.
- Niðurstöður úr Skólapúlsinum verða kynntar á vefsíðu skólans í janúar og ágúst.
- Í janúar verða teknir út þættir sem sérstaklega þarf að huga að innan skólans. Lögð verður áhersla á þá þætti við gerð kennsluáætlana vorannar.

Endurgjöf (verður fyrst með formlegum hætti haustið 2011)

- Unnið verður úr niðurstöðum fundanna með nemendum og lagt mat á niðurstöður
- Fundað verður með kennurum um kennsluáætlanir m.t.t. Skólapúlsins.

Viðmið um árangur

- Niðurstöður af fundum nemenda sýni að þeir séu almennt ánægðir í skólanum þó þeir komi vonandi með ábendingar um eitt og annað sem betur má fara.
- Að Skólapúlsinn sýni að nemendum líði vel í skólanum og að þau nái árangri

Febrúar

Verkefni og úrlausnir

Hafa í huga eftirfarandi áherslur:

- **Að bæta námsárangur nemenda**
- **Bæta skólastjórnunina**
- Meiri sveigjanleiki og skilvirkni í:
 - faglegri þróun starfsfólks
 - nýtingu bjarga
 - skipulagningu kennslu og náms
 - virkari þátttöku starfsfólks og nemenda í skólastarfinu.
- Kerfisbundin uppbygging gæðaþróunar, gæða eftirlits og ábyrgðar skólans.

Mánuður	Það sem á að meta	Ábyrgð
Febrúar	Matsfundur í skólaráði Sjálfsmat nemenda / nemendaviðtöl Starfsmannasamtöl (febr-apríl) Skólavogin. Viðhorfakannanir lagðar fyrir nemendur (4., 7. og 10. bekk, starfsfólk og foreldra (á bilinu febrúar til apríl) Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	Skólastjóri /aðstoðarskólastjóri Umsjónarkennari Skólastjórnnendur Matsteymi Verkefnastjóri í UT

Leiðir:

- Lagður verði matslisti fyrir skólaráð áður en matsfundur verður haldinn og hann síðan ræddur á fundinum. Gert til að afmarka áherslur – hvað er þarft að skoða hér og nú.
- Umsjónarkennarar taka viðtöl við nemendur – Nemendur fylla út þar til gerð eyðublöð og skila til kennara um leið og kennari ræðir við nemendur.
- Skólastjórnnendur leggja á ráðin um áherslur í starfsmannasamtölum og taka viðtöl við starfsmenn skólans
- Gera áætlun um það hvað skoða á í viðhorfakönnunum Skólavogarinnar – kannanir lagðar fyrir starfsfólk, nemendur og foreldra.
- Niðurstöður úr Skólapúlsinum verða kynntar á vefsíðu skólans í janúar og ágúst

Endurgjöf (verður fyrst með formlegum hætti haustið 2011)

- Unnið verður úr matslista skólaráðs og niðurstöður kynntar á heimasíðu skólans (og í pósti til foreldra)
- Unnið verður úr sjálfsmati nemenda og gerð áætlun um úrbætur út frá niðurstöðum.
- Unnið verður út starfsmannaviðtölum og gerð áætlun um úrbætur út frá niðurstöðum.

- Niðurstöður úr spurningalistum Skólavogarinnar verða kynntar á vefsíðu skólans og áætlun gerð um úrbætur út frá niðurstöðum.

Viðmið um árangur

- Skólaráð sé 90% ánægt í mati sínu.
- Að 85% nemenda sýni að þeir hafa metnað í náminu, setji fram raunhæf markmið og leggi til úrbætur í eigin námi.
- Að 90% starfsmanna séu ánægð í starfi.
- Að niðurstöður skólavogarinnar sýni 90% jákvæðini til skólans og þess sem kannað verður.

Mars

Verkefni og úrlausnir

Markmið

- Að bæta námsárangur nemenda
- Bæta skólastjórnunina
- Meiri sveigjanleiki og skilvirkni í:
 - faglegri þróun starfsfólks
 - nýtingu bjarga
 - skipulagningu kennslu og náms
 - virkari þátttöku starfsfólks og nemenda í skólastarfinu.
- Kerfisbundin uppbygging gæðaþróunar, gæða eftirlits og ábyrgðar skólans.

Mánuður	Það sem á að meta	Ábyrgð
Mars	Skólavogin – rekstrarkönnun Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk Skólastjórnun	Matsteymi /aðstoðarskólastjórar Verkefnastjóri í UT Skólastjóri/matsteymi

Leiðir:

- Rekstrarkönnun Skólavogarinnar verður unnin af aðstoðarskólastjórum í samvinnu við fræðslusvið bæjarins
- Niðurstöður úr Skólapúlsinum verða kynntar á vefsíðu skólans í janúar og ágúst
- Farið verður yfir drög að nýju skipurit á starfsmannafundi

Endurgjöf (verður fyrst með formlegum hætti haustið 2011)

- Unnið verður úr niðurstöðum rekstrarkönnunar Skólavogarinnar, niðurstöður birtar á heimasíðu skólans og lagt mat á niðurstöður með úrbætur í huga.
- Sérstaklega verður kallað eftir endurgjöf frá starfsfólki á stjórnunina í nýju skipuriti sem taka mun gildi haustið 2011

Viðmið um árangur

- Stefnt skal að því að niðurstöður rekstrarkönnunar gefi samanburðarhæfa mynd af rekstri skólans og að skólinn sé rekinn með hagkvæmum hætti. .
- Að almenn sátt náist um nýtt skipurit (stjórnunina) innan starfsmannahópsins

Apríl

Verkefni og úrlausnir

Hafa í huga eftirfarandi áherslur:

- Að bæta námsárangur nemenda
- Bæta skólastjórnunina
- Meiri sveigjanleiki og skilvirkni í:
 - faglegri þróun starfsfólks
 - nýtingu bjarga
 - skipulagningu kennslu og náms
 - virkari þátttöku starfsfólks og nemenda í skólastarfinu.
- Kerfisbundin uppbygging gæðaþróunar, gæða eftirlits og ábyrgðar skólans.

Mánuður	Það sem á að meta	Ábyrgð
Apríl	Mat á skólanámskrá Stefnumörkun í skólanum - staða Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	Kennarar/stjórnendur Matsteymi/starfsmenn Verkefnastjóri í UT

Leiðir:

- Kennarar og skólastjórnendur rýna skólanámskrá og hafa til hliðsjónar þar til gerðan gátlista.
- Unnið verður á starfsmannafundi að því að skilgreina hlutverk skólans, framtíðarsýn og gildi. Einnig þarf að vinna með markmið í einstökum þáttum skólastarfsins og setja sér mælikvarða.
- Niðurstöður úr Skólapúlsinum verða kynntar á vefsíðu skólans í janúar og ágúst

Endurgjöf (verður fyrst með formlegum hætti haustið 2011)

- Stefnumörkun skólans verður kynnt á heimasíðu skólans og mun endurspeglast í skólanámskrá.

Viðmið um árangur

- Skólatefna verður öllum ljós við upphaf skólaárs 2011/2012.

Maí

Verkefni og úrlausnir

Markmið:

- Að bæta námsárangur nemenda
- Bæta skólastjórnunina
- Meiri sveigjanleiki og skilvirkni í:
 - faglegri þróun starfsfólks
 - nýtingu bjarga
 - skipulagningu kennslu og náms
 - virkari þátttöku starfsfólks og nemenda í skólastarfinu.
- Kerfisbundin uppbygging gæðaþróunar, gæða eftirlits og ábyrgðar skólans.

Mánuður	Það sem á að meta	Ábyrgð
Maí	Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	Verkefnastjóri í UT

Leiðir:

- Niðurstöður úr Skólapúlsinum verða kynntar á vefsíðu skólans í janúar og ágúst, kannað verður sérstaklega hvort áherslur sem settar voru í janúar hafi skilað sér í betri niðurstöðu í lok árs. Valdir verða sömu og/eða nýir þættir til að skoða sérstaklega/leggja áherslu á í skólanámskrá/kennsluáætlunum næsta árs.

Endurgjöf (verður fyrst með formlegum hætti haustið 2011)

- Niðurstöður úr Skólapúlsinum verða kynntar á vefsíðu skólans í janúar og ágúst

Viðmið um árangur

- Að Skólapúlsinn sýni að nemendum líði vel í skólanum og að þau nái árangri. Niðurstöður ársins verða greindar sérstaklega og gerð áætlun um úrbætur sem unnið verður að skólaárið 2011-2012.

Júní

Verkefni og úrlausnir

Hafa í huga eftirfarandi áherslur:

- Að bæta námsárangur nemenda
- Bæta skólastjórnunina
- Meiri sveigjanleiki og skilvirkni í:
 - faglegri þróun starfsfólks
 - nýtingu bjarga
 - skipulagningu kennslu og náms
 - virkari þátttöku starfsfólks og nemenda í skólastarfinu.
- Kerfisbundin uppbygging gæðaþróunar, gæða eftirlits og ábyrgðar skólans.

Mánuður	Það sem á að meta	Ábyrgð
Júní	Samantekt matsteymis skýrsla	Matsteymi

Lögð verður áhersla á að ljúka matsskýrslu og áætlunum til úrbóta fyrir lok júní. Skýrslan verður sundurliðið eftir efnispáttum . Í lok skýrslunnar verður samantekt á vinnu og árangri skólaársins.